PScan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ⅓ verðsins borgist fyrfram, en ⅔ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

24. ár. | Reykjavik, 31. okt. 1918. | № 10.

Nýkomið

Verzlunin Gullfoss Hafnarstr. 15

Barnahöfuðföt Hattar og Húfur, Barnatreyjur Borðdúkar Serviettur Krystalstúttur, Flauelisbönd á Upphluti, Silki í Svuntur og Slifsi. Silki í Kjóla, Sikibönd, Silki í Upphluti. Silkitvinni, fjöldi lita, Hanskar úr skinni Hanskar úr ull Saumnálar Smellur Hnappar.

Ilmvötn og sápur frá Colgate, Hárgreiður, Hárnet, Hárnálar, Höfuðkambar, Handklæði, Handklæðadregill Handtöskur, Peningabuddur, Bróderaðar Blúndur, Tyllblúndur, Lifstykki, Dömu Undirföt, Regnkápur, Dömu Kragar, Gardinutau, Rúmteppi, Moll. Léreft, einbreið og tvíbreið, Kreptau, Flonel, hvít og mislit, og margt fleira.

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

Launakjör kvenna.

II.

En þegar vér berum nú saman áhuga, eða réttara sagt áhugaleysi ísl. kvenna hér, á þessu stóra nauðsynjamáli þeirra, og annara kvenna viðsvegar í heiminum, þá getum vér ekki varist þess að roðna af blygðun yfir rænuleysi voru. Það er svo laust við, að hjá íslenzkum konum alment finnist snefill af félagslegum áhuga og samábyrgðartilfinningu fyrir kynsystrum sínum. Það er eins og þær vanti allan skilning á því, að bætt ytri lífskjör, eru skilyrðið fyrir allri menningu, þroska og framförum í öllum efnum. Og því er ekki heldur að heilsa, að forgöngukonurnar, sem fremstar standa í ýmsum kvenfélögum, láti *þessi* mál til sín taka. Nei, það á að vera svo óþjóðlegt og eigingjarnt, að vera að hugsa nokkuð um, að bæta kjör annars kynsins. Hitt lætur svo vel í eyrum, að það sé *öll þjóðin*, sem vér förum að vinna fyrir, þegar vér byrjum á einhverri félagslegri samvinnu. Um okkur sjálfar álíta þær svo ógöfugt að hugsa aðallega. Þetta er hin gamla, sjálfsagða fórnfýsi kvenna, sem menn hafa um margar aldir talið höfuðprýði hverrar konu. Auðvitað hafa karlmennirnir fylgt gagnstæðu reglunni. — En svo hefir *þeim* þótt því eiga að vera háttað, og *það* hafa þeir barið inn í kvenþjóðina. *Alt handa öðrum*, ekkert eða lítið handa sjálfum konunum! Þær þyrftu svo lítils við. Annað mál væri með karlmennina. Þeirra þarfir væru margar og stórar og nauðsynlegar. Þeir vinni fyrir heimilunum — konunum líka. — Út af heimilunum ættu konurnar alls ekki að fara. Þar væri þeirra ríki. —

En tímarnir breytast og mennirnir með — að nokkru leyti. Hinn mikli iðnaður, og þar af leiðandi breyttir lifnaðarhættir, reka konurnar út úr þessu gamla ríki þeirra. Heimilin þurfa þeirra ekki lengur við, eða geta ekki haldið þeim, og þá er að taka upp lífsbaráttuna utan hinna fjögra veggja heimilisins. En þá fara konurnar inn á hið gamla verksvið karlmannanna. Það gæti orðið þeim hættulegt. Þess vegna vilja karlmennirnir í lengstu lög vernda sinn atvinnumarkað. Og þess vegna leyfa þeir ekki konunum að fá nema lakast launuðu störfin. Þau vilja þeir eðlilega helzt gefa þeim eftir, en þó með ennþá lægri launum en þeir höfðu þau sjálfir, og setja svo sterka slagbranda fyrir allar dyr, sem ganga að launahækkun og sæmilegum stöðum. Þær skulu karlmennirnir einir hafa.

Auðvitað vantar oss konur ekki hina *magnlausu* óánægju. Með glöðu geði tökum vér ekki lengur við innansleikjunum úr öskum karlmannanna. Svo snortnar erum vér þó af áhrifum þessara framsóknartíma. En það lendir bara við máttlaust nöldur og jag heima fyrir. — Framfarakonurnar segja okkur með skáldlegum, hjartnæmum tækifærisræðum, að ætlunarverk kvenna sé að »græða mein þjóðfélagsins«, og þá verðum vér að vinna fyrir alla heildina. — Engin sérmál eigi að vera til fyrir konur. — —

En þótt það sé eflaust gott og gagnlegt — og göfugt, að ætla sér þetta, þá er þó ýmislegt athugavert við það, sem þessar konur virðast ekki sjá. Fyrsta skilyrðið til að geta orðið öðrum að liði, er að kunna að bjarga sjálfum sér. Ef menn eru ekki færir um það, þá verður þessi sáragræðsla kvennanna sá hurðarás um öxl þeirra, sem þær kikna algerlega undir. Það eru ekki borgarar, kúgaðir af sulti og seyru, sem græða sárin og bæta mein þjóðfélagsins, heldur frjálsir og efnalega sjálfstæðir menn, sem geta náð þeim þroska, sem góð lífsskilyrði veita. En þeim þroska höfum vér konur ekki náð enn. Oss er hvarvetna haldið niðri með sultarlaunum, og þó erum það vér, sem eigum að ala upp ungu kynslóðina, — framtíðarþjóðina, sem á að taka við ættjörðu vorri af oss, sem sjálfstæðu ríki.

En hvað geta þá konur gert til að hrinda þessu í lag? Fyrst og fremst

verða þær að *skilja og finna*, að sæmileg verkalaun eru framfaraskilyrði fyrir þær, og svo verða þær að læra, að það er ekki nóg, að ein og ein kona geti náð sér í lífvænlega stöðu. Það verða þær allar að geta fengið, ef rétt er að farið. Skilyrðin fyrir því eru *iðn*nám og *iðn*félög. Með öðrum orðum: Þær verða að læra til fullnustu hvert það starf, sem þær vilja gera sér að atvinnu, og þær verða að hafa heildar- eða samábyrgðartilfinningu hver með annari: »Ein fyrir allar og allar fyrir eina«. Þær verða að ryðjast á dyrnar *í hóp* og kippa slagbröndunum burt með framkvæmdarafli, atorku og samheldni. Þær mega ekki láta sundrast, þótt einstaka konu bjóðist bærileg kjör. Fyrst er að bjarga sjálfum sér, til þess að geta bætt mein hinna, sem út undan eru.

Kenslukonurnar ættu eiginlega að vera sjálfkjörnar til forustu. Þær hafa of lengi átt við vesöl launakjör að búa, og þær ættu líka að hafa gleggri skilning og meiri þroska en margar aðrar konur til að sjá, hvílíkt óbætanlegt tjón það er fyrir nemendurna, að kennararnir séu fjárhagslegir ræflar. Geta má nærri, að hvorki kenslan, né áhrif þau, sem kennarinn ætti og gæti haft undir sæmilega góðum kringumstæðum, verður á þennan hátt góð og notadrjúg. Og því fremur ættu kenslukonurnar að mynda félagsskap út af fyrir sig, þegar þær geta hvervetna séð, að karlmennirnir í kennarafélaginu nota hvert tækifæri til að reyna að fá sín laun hækkuð að miklum mun, fram yfir kvenfélaga þeirra, sem þó vinna algerlega sömu störf.

Eftirtektarvert ætti það einnig að vera fyrir kenslukonurnar hér í Reykjavík, að bera saman þann mun, sem nú er að verða á launum ýmsra karlmanna, sem kenna við barnaskóla bæjarins, og kenslukvennanna, og hvernig karlmennirnir hafa orðið fljótari að fá alla launahækkun sína síðan 1908. Þá voru launin miklu lægri, en þá voru þau þó jöfn fyrir alla, konur og karla, nema handavinnu-kenslukonurnar.

Það voru stöku karlmenn, sem riðu á vaðið með að bæta kjör sín, með því að sækja um persónulega hækkun, og fengu hana líka. Á þann hátt skapaðist *fyrsti* mismunurinn milli kennaranna við þann skóla, en alls ekki með lögum. Aðeins ein kona hafði rænu á, að krefjast þess sama fyrir sig. Hún fékk það líka En sú, sem kom í hennar stað síðar, hélt því ekki fram fyrir sig — gerði engar kröfur, og fékk heldur ekki hækkuð launin. Það er gamla sagan, að konurnar taka við því, sem að þeim er rétt, án þess að krefjast réttlætis. Þær halda ekki vörð um hagsmuni sína, og verða því altaf að sanna það, að sá, sem ekki reynir sjálfur að hugsa fyrir sér, hann verður jafnan út undan.

Þá eru verzlunarstúlkur, bæði þær, sem eru við afhendingu í búðum og skrifstofustúlkur. Þeirra launakjör hafa til þessa verið svo vesöl að ómögulegt hefir verið fyrir allflestar þeirra að lifa á þeim nema njóta styrks vina og vandamanna. Og það er þó nær því óskiljanlegt að stúlkur á bezta aldri geti hugsað sér að vera ómagar vina eða vandamanna sinna á þeim árum. Hvernig fer ef þeir féllu frá, og þær stæðu allslausar og munaðarlausar eftir?

Aðalmeinið og ástæðan fyrir því að svo erfitt verður að bæta úr þessu, er framboð kvennanna sjálfra í þessar stöðar, og skilningsleysi þeirra sjálfra og vina þeirra og vandamanna á þessu máli. Stúlkurnar virðast ekki hafa minstu heildar- eða stéttartilfinningu, heldur vera ánægðar ef hver og ein þeirra getur komist að þessari atvinnu, nær því með hvaða launum sem væri í fyrstu. Þær skilja ekki að fyrsta sporið til að geta fengið sæmileg laun, er *kunnátta í starfinu*, og að þær verða að bera hagsmuni allrar sinnar stéttar jafnt fyrir brjósti og sína eigin hagsmuni. Þær verða allar að vera samtaka, bæði með að

kunna alt það, sem að störfum þeirra lýtur til fullnustu, og krefjast sanngjarnra launa fyrir þau handa þeim öllum. Foreldrar og vandamenn eyðileggja líka mikið með því að taka ekki fult gjald fyrir veru þessara stúlkna. Því skilja þær aldrei hina erfiðu lífsbaráttu þeirra, sem einungis verða að lifa á þessum sultarlaunum, heldur standa þeim í vegi fyrir sanngjörnum launum, með því að undirbjóða vinnu þeirra, í stað þess að gera svo háar launakröfur að þær gætu að öllu leyti lifað hjálparlaust á launum, eins og sjálfsagt er um ungt og verkfært fólk.

Sama má segja um símastúlkurnar, að þær hafa eyðilagt launin hver fyrir annari með því að sækja um hvert starf, sem losnaði, tugum saman, þótt vitanlegt væri að launin hrykkju naumast til að *klæða* þær, hvað þá meira. En hér eru það einnig vandamennirnir, sem eiginlega hafa eyðilagt atvinnuna, fyrir þeim sem vilja og þurfa sæmileg laun. Því einmitt við þessa atvinnu hafa verið og eru fjöldamargar stúlkur frá efnaheimilum, sem hafa launin sem vasapeninga, eða í hæsta lagi til að klæða sig að einhverju leyti. En þetta er algerlega óhæfileg aðferð. Auðvitað verður ekkert að því fundið, þó dætur efnamanna vilji vinna fyrir sér, það er ekki nema heiðarlegt og sjálfsagt. En þær eiga að hafa þá samábyrgðartilfinningu með kynsystrum sínum, sem ver eru staddar, að þær taki ekki svo að segja bitann frá munninum á þeim, með því að sækja í hópum um stöður, sem enginn getur lifað á. Væri umsóknin lítil eða engin, myndu launin hækka bráðlega. Það er eftirspurnin og hið mikla framboð kvenna sjálfra í þessar stöður, sem heldur launalágmarkinu svo neðarlega.

Verkakonur eru þær einu konur, sem farið hafa skynsamlega að. Þær hafa myndað sinn fasta, reglulega félagskap með föstu launa lágmarki fyrir tímavinnu. Vitanlega er hér þó ekki um eiginlegt iðnfélag að ræða, að því leyti að engar kröfur eru gerðar í félagslögum þeirra, til neinnar kunnáttu á þeim störfum sem þær taka að sér. En með því að það eru nærfelt alt stúlkur, sem stunda atvinnu við fiskverkun, þá hafa þær flestar fengið svo mikla leikni og æfingu í því, að þær munu leysa fult verk af hendi, og miklu meira en óvanar stúlkur gera. Annars er ýmislegt í félagslögum þeirra, sem bendir á að þær vilja leitast við að vernda atvinnu sína, enda er það eitt af skilyrðum allra atvinnu félaga, hvers eðlis sem þau eru.

Það, sem hér er drepið á að framan, er ekki nema nokkur atriði í þessu stóra velferðarmáli kvenna, og væri mjög heppilegt ef konur vildu taka það til umræðu og yfirvegunar. Kvennablaðið mun með ánægju taka við greinum frá konum um það efni, og kunna þeim þakkir fyrir.

Fréttir úr höfuðborginni.

Undir þessari yfirskrift munu hér eftir við og við koma ýmsar smágreinar, sem snerta konur bæjarins að einhverju leyti. Væntum vér að konur út um landið hafi gaman af að fylgjast með áhugamálum og framkvæmdum kvenna hér í höfuðstaðnum. Kvennabl. tæki líka með þökkum, ef konur utan af landinu eða úr kaupstöðunum vildu við og við senda blaðinu fréttir.

— — —

»Ár 1918 föstudaginn hinn 18. október var almennur kvennafundur haldinn í Iðnaðarmannahúsinu í því skyni að undirbúa atkvæðagreiðslu þá, er fram á að fara í sambandsmálinu þ. 19. þ. m.

Hið íslenzka kvenfélag og Kvenréttindafélagið hafði boðað til fundarins.

Frú Briet Bjarnhéðinsdóttir setti fundinn og var því næst frú Katrín Magnússon kosin fundarstjóri og kvaddi hún til fundarskrifara frú Guðrúnu J. Briem.

Frú Briet Bjarnhéðinsdóttir tók fyrst til máls og tók hún fram, að sambandslögin fælu í sér svo miklar réttarbætur til handa Íslendingum, að konur mættu ekki heima

sitja, heldur fara á kjörstaðinn og gefa sambandslögunum atkvæði sitt.

Þar næst talaði alþingismaður Bjarni Jónsson frá Vogi. Skýrði hann allar greinar samningsins nákvæmlega og áleit hann mjög misráðið, ef svo illa tækist til, að hann næði ekki fram að ganga.

Frú Briet tók þá aftur til máls og ítrekaði hina fyrri áskorun sína um að konur notuðu rétt sinn í þessu sambandslagamáli á þann hátt, að gefa því atkvæði sitt, og bar því næst fram svolátandi tillögu:

»Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir sambandslögunum, og skorar á allar kosningarbærar konur í Reykjavík að veita þeim fylgi sitt með því að sækja fundinn í Barnaskólanum á morgun 19. október og setja kross fyrir framan »já« á atkvæðaseðlunum«.

Með því að aðrir tóku ekki til máls, var tillagan borin upp til atkvæða og var hún samþykt með öllum atkvæðum gegn 2.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.

Katrín Magnússon. Guðrún J. Briem«.

— — —

Fundur þessi var allvel sóttur. Voru þar saman komnar á þriðja hundrað konur. Lögðu forgöngukonur fundarins áherzlu á að brýna fyrir þeim að sækja atkvæðagreiðsluna vel.

Daginn eftir fór atkvæðagreiðslan fram, sem menn vita. Nokkuð sóttu konur hana betur en kosningarnar 1916, en þó ekki svo vel sem óskandi hefði verið. Enda sóttu karlmenn hana ekki heldur vel. Greiddi að eins rúmur helmingur allra atkvæðisbærra kjósenda atkvæði.

Nú fara kvenfélögin að halda fundi sína. Thorvaldsensfélagið er byrjað. Ætlar það að halda stóran bazar 4. nóvember til ágóða fyrir barnahælissjóð sinn, sem nú mun vera orðinn rúmar 12,000 krónur. Er það þarflegt fyrirtæki og munu margir vilja styrkja það.

Kvenréttindafélögin hafa enn ekki byrjað á fundum. Þó hefir það heyrst, að Kvenréttindafélag Íslands muni hafa í hyggju að gera tilraun til að fá stjórnarskránni breytt á næsta sumri í þá átt, að allar konur fái pólitiskan kosningarrétt og kjörgengi með sömu skilyrðum og karlmenn.

Hvað hið nýja Bandalag kvenna í Reykjavík hefir gert í sumar, eða ætlar að gera í vetur, hefir ekki frétzt enn þá. En ef dæma skal eftir fundarefni þess í vor sem leið, þá þarf það varla að sitja auðum höndum fyrri hluta vetrarins.

Vegurinn að virðingunum.

Eftir *Ernst Lundquist*.

(Frh.).

Á næsta vetfangi hafði Mauro, án þess að biðja um leyfi, tekið myndina ofan. Umgerðin var svo feyskin, að það brast og brakaði í henni, eins og hún ætlaði að liðast í sundur, þegar hann lagði hana á grúfu á borðið. Og þarna stafaði hann sig með mestu varkárni fram úr máðri og nær því ólæsilegri skrift, sem auðsjáanlega var frá 1500.

»1500 la futta questa tela Maistra Zorso da Castelf . . .«. Það, sem eftir var, var algerlega ólæsilegt af elli.

»Zorso de Castelfranco!« hljóðaði Mauro upp yfir sig fagnandi. Og svo fór hann að ganga aftur á bak og áfram um gólfið, með hendurnar í buxnavösunum og höfuðið fult af þúsund hugsunum í einu. Sora Sabina hafði líklega talað langa runu við hann, en hann hafði ekki tekið eftir því eða heyrt af því eitt einasta orð. En svo nam hann alt í einu staðar beint fyrir framan hana og sagði:

»Ef til vill er það ekki hálf miljón — — — jú, það mundi Pierpont Morgan gefa með glöðu geði og mrs. Gardener, en þá yrðu allra mestu vandræði með lex Pacco, sem fyrirbýður útflutning á öllum gömlum listaverkum frá Ítalíu, og maður yrði að hafa svo mikið fyrir því og viðhafa allskonar króka og brögð, og svo gæti vel farið svo, að málverkið lenti að síðustu hjá ítölsku landsstjórninni fyrir einar hundrað þúsund krónur. En mikinn fjársjóð eigið þér þarna liggjandi fyrir framan yður, þar sem málverkið er, það get eg yður mitt drengskaparorð upp á. Viljið þér nú ekki, í þakklætisskyni fyrir að eg hefi uppgötvað þetta fyrir yður, lofa mér að þegja yfir þessu, — — látum okkur segja svo sem hálft ár hér frá? Á þeim tíma skal eg gera allar fyrir-

spurnir og ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, svo að eg síðan geti hjálpað yður að selja það með hæsta verði til Ameríku eða ítölsku stjórnarinnar. Eg heimta auðvitað enga þóknun handa mér. Hver einasti saldo skal ganga í yðar buddu. En eg get ekki mist sjónar á þessu dýrlega meistaraverki — — ekki núna — — ekki í nokkra mánuði. Þér verðið að lána mér myndina fyrst um sinn og láta mig hreinsa burtu óhreinindin og fernisinn af henni, og svo mála eftir henni eða gera með hana hvað eg vil. Eg sver yður, að eg skal ekkert skemma hana, þvert á móti. — — Þér skuluð fá hana óskemda til yðar, fyrsta júlí í sumar. Samþykkið nú þetta. Penna greiða getið þér þó vel gert mér fyrir að eg útvega yður að minsta kosti hundrað þúsundir«.

Hún horfði lengi tortryggnisaugum á hann og klemdi munninn aftur. Hún var alveg óviss hvað hún skyldi gera eða hverju hún skyldi svara þessum undarlega manni.

»Þér tortryggið mig, það sé eg«, sagði hann. En finst yður nokkur ástæða til þess? Eg hefði vel getað þagað um þetta alt og beðið yður að selja mér »penna gamla ræfil«, eins og þér kölluðuð sjálf myndina, fyrir svo sem hundrað lira, og það hefðuð þér með ánægju gert, og þá hefði það orðið eg, sem með fullum lagalegum rétti hefði stungið hundruðum þúsunda ofan í mína buddu. Ó, segið mér nú, kærasta sora Sabina, haldið þér nú enn þá, að eg sé að táldraga yður, eða eg vilji yður nokkuð illt? Þótt þér væruð mín eigin móðir, þá gæti eg ekki farið heiðarlegar að við yður en eg geri nú. En eg hefi nú einu sinni tekið í mig, að eg vil og skal mála eftir þessari mynd og um það getið þér ekki neitað mér, þegar þér sjáið, að það gerir mér slíka gleði«.

Hann horfði á hana með sínum ómótstæðilegu brúnu augum. En hún lét ekki þoka sér frá sínu varfærna sjónarmiði, sem hún stóð blýföst á með báða fætur.

»Eg get lofað að hugsa málið«, sagði hún, til þess að komast hjá að lofa nokkru, svo hún gæti áttað sig á því í einrúmi.

»Þangað til á morgun«, sagði hann ákafur. »Á sama tíma á morgun kem eg aftur til að sækja jáyrði yðar«, sagði hann og tók báðum höndum um axlir henni og brosti framan í hana. En hún hristi hann af sér og stóð upp.

»Á morgun um þetta leyti skuluð þér fá svar mitt«, sagði hún.

Með þetta varð hann að fara og láta sér það nægja. Hann andvarpaði og fór, án þess að hafa borgað húsaleiguna, eða hafa munað eitt augnablik eftir að gægjast eftir fjólubláu augunum.

Hann þaut beint til Guy Marstons vinar síns, sem átti sagnfræðilegt listaverka-bókasafn á ýmsum ólíkum tungum, og þar fann hann þegar í »Listafurðuverkum« eftir Ridolfis athugasemd frá 1646, að Aldobrandine fursti í Rómaborg ætti eitt málverk af San Sebastiano í hálfri stærð, málað af Giorgiore. Hér sá hann þá áreiðanlega sönnun þess, sem hann hafði þó ekki búist við að geta fengið, þar sem um svo dularfult eða lítið þekt listamannsnafn var að ræða — að málverkið, sem hann sjálfur hafði nýfundið, var eitt af Castelfranco-meistarans fágætu málverkum, sem á liðnum öldum hafði lent í flæking og að lokum komist í eign rómverskra smáborgara. Hann varð að bíta saman tönnunum til þess að hljóða ekki upp yfir sig af fögnuði, sem kæmi svo öllu leyndarmáli hans upp fyrir Guy. Því það, sem hann hafði nú í huga, mátti engan, sem nokkuð var riðinn við listamannaheiminn, fá allra minsta grun um.

Hann fór nú þegar heim og borgaði húsaleigu sína, og svo barst ræðan þegar að málverkinu. Gamla konan gekk loks að tillögum hans og boðum, en hún vildi fá skriflegt, að myndin væri einungis lánuð til 1. júlí.

»Sjáið þér nú til, þér gátuð ekki staðið á móti yðar góða hjarta«, sagði Mauro sigri hrósandi, meðan hann útfylti kvittunina við litla skrifborðið hennar soru Sabinu Solutto.

»Ja, það er alls ekki mér, sem þér eigið þetta að þakka«, tók gamla konan fram í. »Það er hún Silvia dóttir mín, sem — —«.

»Signorina Silvia«, tók Mauro fram í, og um leið skein gleðin úr augum hans. Að hugsa sér, að þessi inndæla vera skyldi snúast á hans sveif. Hún hafði þá á laun gerst bandamaður hans!

»Já«, sagði sora Sabina, eins og hún sæi hugsanir hans. En það var ekki yðar vegna. Hún álleit, að vegna minnar eilífu velferðar gæti eg ekki látið vera að gera þetta góða og óeigingjarna verk.

»Þetta málverkslán er eins mikils virði og þér hefðuð gefið Madonnunni tíu vaxljós«, sagði hún. »Og Silvia er svo hyggin, og henni er svo ant um mig, að eg fer ætíð eftir hennar ráðum, og get aldrei neitað henni um neitt, sem hún biður um«.

»Það gæti verið gott að vita dálítið lengra fram í tímann, hugsaði Mauro, og svo faðmaði hann gömlu konuna að sér og kysti sinn rembingskossinn á hvora kinn hennar.

Frh.

Sími 298 **Verzl. EDINBORG** Sími 298

Pantið í síma 298 | Hafnarstræti 14 | Ingólfshvoll | Pantanir sendar heim

Nýkomið! Mest og bezt úrval í bænum

í glervörudeildinni:

Matarstell, Kaffistell, Bollapör,
Mjólkurkönnur, Grautarskálar, Tepottar.
Sykurker, Diskar, Hnífapör, Tarinur.
Sósuskálar, Skeiðar, Teskeiðar, Ávaxtahnífar,
Puntupottar, Þvottastell, Speglar, Vasaspeglar,
Steikarföt, Steikarpönnur, Eplaskífupönnur,
Vöflujárn, Straujárn, Straupönnur,
Þrikveikjur, Primusar, Kerti, Spil,
Lampaglös, Kveikir, Eldspítur,
Katlar, Kaffikönnur, Pottar, Skaftpottar, Kökuform.
Fægilögur »Sól Sól«, Ferðatöskur, Göngustafir o. fl.

Sími 2 9 8

í álnavörudeildinni:

Silki svört og mislit, Svart alklæði 2 teg.,
Ullarflauel svart og misl., Silkiflauel,
Karlmannafataefni, Kápuefni,
Drengjafataefni, Kjólatau mikið úrv.,
Rifstau margir litir, Hörléreft hv., gult,
Morgunkjólaefni,
Regnfrakkatau, Flúnel hvít og misl.,
Cheviot fl. teg. Sængurdúkur,
Lakaléreft, Léreft, bl. og óbl.,
Regnkápur, Prjónahúfur, Skinnhanzkar sv., misl.
Blúndur og milliverk, Sokkar úr ull og silki, o.m.fl.

Í heildsölu og smásölu:

Hessianstrigi -- Sunlightsápa.

Verzlunin EDINBORG, Hafnarstræti 14.